

Sendandi: Svavar Kjarrval

Dagsetning: 16. nóvember 2022

Nr. þingmáls: 428

Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (málsmeðferð hjá Endurupptökudómi).

Vil koma því áleiðis að enginn tilgreindur frestur er í lögum til að sækja um og fá endurupptöku máls. Þá er vakin athygli að því að sbr. II.

kafli A í almennum hegningarlögum, ásamt fleiri lögum, er heimild til þess að reka sakamál gagnvart lögaðilum. Ekki er sérstaklega tilgreint í lagaákvæðunum varðandi endurupptöku að úrræðið sé eingöngu í boði fyrir einstaklinga. Þörfin fyrir þessa heimild sem frumvarpið kveður á um gæti fræðilega séð verið óendanleg, allavega á meðan einhver lögaðili er hlotið hefur dóm fyrir stofnun Endurupptökudóms er enn til. Í tilviki einstaklinga gæti verið fræðileg þörf á slíkri heimild í jafnvel 70 ár eða lengur. Með hliðsjón af þessu mæli ég með því að heimildin eigi alls ekki heima í bráðabirgðaákvæði, heldur sé sett inn í heimildarákvæðið sjálf.

Legg ég því til að aftan á 2. másl. 1. mgr. 232. gr. laga nr. 88/2008 bætist við ítrekun sem væri eitthvað á þessa leið:

Þrátt fyrir að Landsréttur hafi ekki dæmt áður í málinu

Persónulega hefði ég einnig viljað heimild fyrir Hæstarétt til þess að vísa slíkum málum til Landsréttar, einkum í tilviki þeirra mála sem þegar eru komin til Hæstaréttar við gildistöku laganna en Hæstiréttur ekki enn dæmt í. Læt ég nefndinni eftir að fylgja slíkri ábendingu eftir, kjósi hún svo.